

Upplýsinga- og tæknimennt 7. bekkur

Kennarar: Arna Véný Guðmundsdóttir; Ása Björg Freysdóttir; María Gísladóttir; Sigrún Ösp Aðalgeirsdóttir; Þóra Harðardóttir

7

Lýsing

Upplýsinga- og tæknimennt (UT) er þverfaglegt námssvið, m.ö.o. UT á að samþætta sem flestum öðrum námsgreinum. Áhersla er á skólasafnið sem upplýsingamiðstöð skólans. Nemendur læra að afla, greina og vinna með upplýsingar á gagnrýnninn og ábyrgan hátt með upplýsingalæsi að markmiði. Hæfniviðmið í upplýsinga- og tæknimennt (UT) eru sett fram í fjórum flokkum: Upplýsinga- og miðlalæsi, Sköpun og miðlun, Stafræn borgaravitund og Lausnaleit. Flokkarnir tengjast hver öðrum sem og öðrum námsgreinum.

Tímabil

Skólaárið 2025-2026.

Yfirferð námsefnis

Í **Árgangsáætlun** fyrir upplýsinga- og tæknimennt (UT) 7. bekkja eru hæfniviðmið (námsmarkmið), námsefni (námsleiðir), námsmat (áætlun) og samþætting útlistuð. Hún tengist flestum öðrum námsgreinum árgangsins. UT er hluti af skólanámskrá Melaskóla, greinasviði. Árgangsáætlun, þ.e. kennsluáætlun árgangsins fyrir skólaárið, er kynnt nemendum og foreldrum á hópfunði að hausti (sbr.: *Námskynning*).

Árgangsáætlun er til grundvallar *vikúáætlunum* kennara (sjá sbr. Dagatal í Mentor).

Kennslustundir á viku: 1,33 (sbr. viðmiðunarstundaskrá).

Námsþættir og viðfangsefni í upplýsinga- og tæknimennt taka mið af *hæfniviðmiðum* árgangsins og leiðsagnarnámi. Nemendum er sagt *hvers vegna* þeir eru að læra ákveðin atriði, þ.e. upplýstir um hæfnina sem stefnt er að með náminu (sjá hæfniviðmið árgangsins). Kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir (þ.e. hvernig, hvað og hvenær) taka mið af því.

Námsþættir og viðfangsefni í upplýsinga- og tölvumennt 7. bekkja á skólaárinu eru þessi:

- skólasafnið - útlán og skil
- Evrópa - upplýsingaöflun, myndefni, heimildir, kynning (Google Slide)
- Bók eftir norrænan höfund og/eða kvikmyndarýni - upplýsingaöflun, myndefni, heimildir, kynning (Google Slide)
- Google Classroom
- forrit, tölvur og jaðartæki
- upptökur og hljóðvinnsla - tónmennt (t.d. Audacity, GarageBand eða Soundtrap klippingar, brellur)
- skólaleikritið
- hlaðvarp (podcasts) - 10 mín. um sögulegan atburð
- námsvefir, áreiðanlegar/óáreiðanlegar vefsíður
- bæklingur, fréttapáttur, ritvinnsla
- Google Sheets töflureiknir - myndrit (tölfræðiverkefni og kynning)
- Canva, Book crator, Google Drawings o.fl.
- forritun (t.d. code.org)
- Google Sides - vefsíðugerð
- SAFT - fræðslumyndbönd
- skjátími, netorðin 5, vefmyndir, netvenjur, netsamskipti, vefpóstur

Kennsluaðferðir

Kennsluhættir (áherslur, kennsluaðferðir, vinnulag) í upplýsinga- og tæknimennt 7. bekkja taka mið af *leiðsagnarnámi*.

Melaskóli nýtir sér fjölbreytta kennsluhætti innan allra árganga og námsgreina til að styrkja upplýsinga- og tæknimennt, m.a.: markvissar innlagnir kennara, umræður, hlustun, áhorf og tjáningu, einstaklings- og hópverkefni, smíðjur og þemavinnu, samþættingu námsgreina, sköpun og verklega vinnu, útikennslu, kannanir og próf.

Upplýsinga- og tæknimennt í Melaskóla er þverfagleg og kemur inn sem stuðningur við aðrar námsgreinar. Námsgviðið býr yfir miðlamennt, miðlalæsi, skólasafnsfræði, upplýsinga- og samskiptatækni. Áhersla Melaskóla er á að gera nemendur, eftir aldri og þroska, læsa á upplýsingar og miðla, að þeir öðlist góða tæknifærni sem og tæknilæsi og tileinki sér siðferðileg viðmið í tölvunotkun sinni, s.s. netorðin fimm og virði höfundarétt.

Stefna skólans er að tölvur og netið séu verkfæri sem nota ber á ábyrgan hátt til náms, upplýsingaöflunar, miðlunar og sköpunar. Það felur í sér að nemendur:

- geti leitað/aflað upplýsinga og lagt mat á þær
- geti unnið með upplýsingar eins og hæfir efninu
- geti notað heimildir og virt reglur þar að lútandi
- geti notað hugbúnað til miðlunar upplýsinga
- taki ábyrgð á eigin samskiptum á neti og netmiðlum

Í Melaskóla er eftirlitslaus tölvunotkun nemenda í hvers kyns nettengdum búnaði með öllu óheimil. Skólinn styður einnig þá meginreglu að notkun á samskiptavefjum sé ekki ætluð börnum yngri en 13 ára s.s. Facebook, Instagram og Snapchat. Þessi viðmið er fengin frá þeim sem halda úti síðunum.

Áherslan er á upplýsinga- og miðlalæsi, þ.e. að nemendur leiti upplýsinga, leggi gagnrýnið mat á þær og nýti þessa þekkingu á siðferðilegan hátt. Einnig að nemendur öðlist almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi.

Skólasafnið er samskiptaamiðstöð og upplýsingaver Melaskóla. Skólasafnið vinnur að bættri menntun allra nemenda í nánnum tengslum við skólasamfélagið. Á safninu fer fram samvinna starfsfólks, kennara innan námsgreina og árganga skólans um læsi í viðum skilningi (sbr. upplýsinga-, miðla- og tæknilæsi). Skólasafnið tekur virkn þátt í þverfaglegum verkefnum (sbr. íslenska, samfélags- og náttúrugreinar o.fl.) sem krefjast sköpunar, hugvits og útsjónarsemi. Gagna er þá leitað á safninu (sbr. leitarnám), forvitni og áhugahvöt nemenda vakín. Úrvinnslan fer fram á safninu eða í öðrum rýmum, innan eða utan skólans.

Markmið skólasafns Melaskóla er m.a. :

- að aðstoða nemendur og kennara við upplýsingaöflun
- að þjálfa lestrarfærni nemenda
- að örva áhuga nemenda á lestri fagurbókmennta og fræðiriti
- að þjálfa nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og efla upplýsinga- og miðlalæsi þeirra
- að æfa nemendur í að vinna úr heimildum, draga ályktanir og gera munnlega og skriflega grein fyrir hugmyndum sínum
- að hjálpa nemendum að gleyma sér með nefið ofan í bók

Grunnþættir menntunar:

Um grunnþætti menntunar, tengsl þeirra við stefnu, markmið og árgangaáherslur Melaskóla má lesa í almenna hluta skólanámskrárinnar (kafla 2.1 og 2.2).

Námsaðlögun:

Hugmynda- og aðferðafræði leiðsagnarnáms er höfð að leiðarljósi til að koma til móts við mismunandi þarfir og getu nemandans, styrkja námshæfni, námshvöt og námsaðlögun hans með markvissri endurgjöf. Litið er á "mistök" sem námstækifæri, þ.e. mikilvægan þátt í námsaðlögun hvers og eins í skóla án aðgreiningar.

Námsmat

Námsmat í upplýsinga- og tæknimennt 7. bekkja byggir á *fjölbreyttu hæfni- og leiðsagnarmati*, t.d.: símati (vinnuframlag, samvinna, frágangur, ástundun) - sjálfsmati og jafningjamati - verkefnum (einstaklingsverkefni, hópverkefni) - vinnubókum - prófum-könnunum-skimunum (stöðupróf, greinandi próf, framvindu- og lokapróf).

Upplýsinga- og tæknimennt er þverfaglegt nám og því fer námsmat fram hjá öllum kennurum sem að því koma. Umsjónarkennarar bera þó

meiginábyrgð á námsmatinu í samþættum verkefnum.

Fjölmörg *matsverkefni* í upplýsinga- og tæknimennt eru lögð fyrir nemendur á hverju skólaári eftir leiðsagnarnám í skilgreindum námslotum. Um leiðbeinandi stöðu- og framvindumat er að ræða, jafnt og þétt yfir skólaárið. Námsmatið birtir *matsferil* nemenda sem er foreldrum aðgengilegur í Minn Mentor, upplýsinga- og tölvukerfi skólans.

Matskerfi Melaskóla fyrir 1. - 7. bekk grundvallast á hæfnieinkunnum sem birtar eru með tveimur matskvörðum. Annars vegar er notaður *táknkvarði* með fjórum táknum almennt í öllum árgöngum, hins vegar *bókstafakvarði* með sex stöfum í lokahæfnimati í 4. og 7. bekk.

Námsmat í upplýsinga- og tæknimennt 7. bekkja er: hvetjandi, fjölbreytt, reglulegt, sanngjarnt, áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt, samræmt innan árganga og stiga. Það nær til þekkingar, leikni og hæfni. Það er í takt við hæfniviðmið, kennsluáherslur og tekur mið af nemendahópnum. Kennarar innan árganga vinna saman í teyminum að þessum markmiðum.

2025_Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 5.-7.bekk

- **Hæfnieinkunn (tákn)**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**
- Geta nýtt tæki og hugbúnað við upptökur og einfalda hljóðvinnslu.

2025_Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 5.-7.bekk - Upplýsinga- og miðlalæsi

- Geta nýtt skólasafn til þekkingaröflunar í stýrðu námi og á eigin forsendum til gagns og ánægju.
- Geta unnið með heimildir í samræmi við höfundarrétt og sett fram einfalda heimildaskrá.
- Geta nýtt leitarvélar, gervigreind og önnur verkfæri á siðferðilega ábyrgan hátt til upplýsingaöflunar.
- Geta lagt mat á gæði ýmissa upplýsinga og áttað sig á fjölbreytileika stafræns efnis.

2025_Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 5.-7.bekk - Sköpun og miðlun

- Geta nýtt hugbúnað við gerð margvíslegra kynninga.
- Geta nýtt tæki og hugbúnað við ljósmyndum og stuttmyndagerð.
- Geta nýtt hugbúnað við netmiðlun.
- Geta nýtt hugbúnað við uppsetningu ritunarverkefna samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang.
- Geta nýtt tæki og hugbúnað við einfalda hönnun, myndvinnslu og myndsköpun.
- Geta nýtt hugbúnað við gagnasöfnun og framsetningu á tölulegum gögnum.

2025_Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 5.-7.bekk - Stafræn borgaravitund

- Geta hugað að eigin heilsu og vellíðan við notkun stafrænnar tækni og gert sér grein fyrir mikilvægi jafnvægis í skjátíma.
- Geta gert sér grein fyrir helstu hættum í stafrænu umhverfi og þekkt vel ólíkar leiðir til að tilkynna ólöglegt og vafasamt efni á netinu og að samfélagsmiðlar hafa áhrif á samskipti.
- Geta gert sér grein fyrir mikilvægi þess að vernda persónuupplýsingar og friðhelgi einkalífs í starfrænu umhverfi og áttað sig á hverjum sé hagr af því að safna starfrænum upplýsingum.
- Getka nefnt helstu netöryggis- og samskiptareglur og tekið ábyrgð á eigin nethegðun og beitt leiðum til að vernda sig og aðra fyrir neteinelti.

- Geta rætt og útskýrt að öll netnotkun einstaklinga skilur eftir sig spor í stafrænu umhverfi til langframa.

2025_Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 5.-7.bekk - Lausnaleit

- Geta nýtt starfrænan stuðning í námi.
- Geta nýtt hugbúnað og tæki á fjölbreyttan hátt og til að leysa fjölbreyttar þrautir. Hafa fengið kynningu á grunnhugtökum í forritun.
- Geta flokkað og vistað gögn á öruggan hátt.
- Geta nýtt mismunandi tegundir tölva, snjalltækja og helstu jaðartæki til menntunar.

VERKEFNI

- Evrópa - heimasíða

Nemendur hanna sína vefsíðu á Google sites um sitt Evrópuland

Framúrskarandi:

- Vefsíðan er bæði mjög skýr og skapandi, nemandi notar Google sites forritið á fjölbreyttan hátt. Öll verkefnin eru vel sett fram og unnin samkvæmt fyrirmælum. Upplýsingum er miðlað á mjög skipulagðan hátt, með skýrum hugsunum og fjölbreyttu efni.

Hæfni náð:

- Vefsíðan er skýr og skapandi, flest verkefnin eru vel unnin samkvæmt fyrirmælum. Upplýsingum er miðlað á skipulagðan hátt en mættu vera sett fram á fjölbreyttari hátt.

Þarfnast þjálfunar:

- Vefsíðan er einföld og sett upp á óskýran hátt. Nokkur verkefni eru vel unnin en önnur ókláruð eða ekki unnin samkvæmt fyrirmælum. Þó nokkuð vantar af upplýsingum á vefsíðuna og/eða þeim miðlað á óskýran hátt.

- Evrópa - bæklingur

- Mini movie project

Nemendur áttu að skrifa handrit að mynd á ensku og taka upp.

- Leikrit - tæknihópur



Skapandi skóli – Handbók um skapandi skólastarf

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/Skapandi_skoli/)



Evrópa

Rafbók

(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/evropa/>)



Heimir - Handbók um heimildaritun (APA)

Rafbók

(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/heimirapa/>)



Margmiðlun - Stafræn miðlun

Vefur

(<https://vefir.mms.is/margmidlun/>)



Unglingavefir

Vefir

(<https://mms.is/unglingavefir>)



Verkefni í Excel fyrir miðstig

Rafbók

(https://mms.is/sites/mms.is/files/atoms/files/excel_midstig_verk1-25.pdf)